



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur



24. janúar 2018 – Pistill nr. 26

Hluti af hópnum úr Mývatnssveit sem tók þátt í Mannamótum 2018

Sæl og blessuð kærú Mývetningar um land allt. Óhætt er að segja að síðustu tvær vikur hafi verið viðburðaríkar á vettvangi sveitarstjórnarmála því nú er komin upp gjörbreytt staða í fráveitumálunum. Við horfum fram á nýja lausn sem fengið hefur hljómgrunn bæði hjá umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun. Við höldum ótrauð áfram. Þá hefur mikið verið um að vera á vettvangi ferðaþjónustunnar og ber pistillinn þess glögglega merki.

Mývetningar áberandi á Mannamótum

Markaðsstofur landshlutanna settu upp vinnufundinn Mannamót í Reykjavík fyrir samstarfsfyrirtæki sín 18. janúar s.l. í flugskýli flugfélagsins Ernis við Reykjavíkflugvöll. Ferðaþjónustufyrirtæki í Mývatnssveit voru áberandi á svæðinu og gaman að sjá hversu vel var mætt af okkar hálfu. Ég heimsótti Mannamótin og var líflegt á básunum hjá okkar fólki enda Mývatnssveit einn eftirsóttasti áfangastaður landsins. Mannamót

markaðsstofanna er kynningarvettvangur ferðapjónustunnar á landsbyggðinni og tækifæri til að koma á fundum fagaðila í greininni.



Ráðherra ferðamála, Þórdís Kolbrún R Gylfadóttir, ávarpaði gesti.

Bylting í vetrarferðapjónustu á Norðurlandi

Á dögunum var ég viðstaddur þegar Boeing vél flugfélagsins Enter Air lenti á Akureyrarflugvelli, með fyrstu bresku ferðamennina innanborðs. Komu þeir með beinu flugi frá Bretlandi á vegum ferðaskrifstofunnar Super Break. Þetta markar tímamót í ferðapjónustu á Norðurlandi því Super Break áformar að fljúga til Akureyrar næstu misserin og að miklu leyti á þeim tíma ársins sem hefur verið rólegri í ferðapjónustu. Mun þetta hafa mjög jákvæð áhrif á ferðapjónustuna í Mývatnssveit því þessir hópar munu koma hingað til að nýta sér þá afþreyingu sem er í boði en næsta vetur er einnig horft til þess að nýta gistimöguleika í Mývatnssveit.

Samningur við Félag eldri Mývetninga og Golfklúbbinn

Á fundi sveitarstjórnar í morgun lagði sveitarstjóri fram drög að samningum við Golfklúbb Mývatnssveitar og Félag eldri Mývetninga til næstu þriggja ára. Sveitarstjórn samþykkti samningana samhljóða og fól sveitarstjóra undirritun hans fyrir hönd sveitarfélagsins.



Fulltrúar frá ferðapjónustunni í Mývatnssveit fjölmenntu á fund Skútustaðahrepps vegna stefnumótunar í ferðapjónustu í sveitafélaginu.

Stefnumótun í ferðapjónustu

Í síðustu viku voru haldnir þrjár fundir vegna stefnumótunar Skútustaðahrepps í ferðapjónustu í tengslum við breytingu á aðalskipulagi. Í fyrsta lagi mættu fulltrúar frá opinberum stofnunum á svæðinu, í öðru lagi fulltrúar ferðapjónustunnar og í þriðja lagi fulltrúar landeigenda og bænda. Mjög vel var mætt á fundinn og umræður góðar og gagnlegar fyrir þá stefnumótunarvinnu sem ráðgjafafyrirtækið Alta sér um.

Bakreikningur vegna

Lífeyrissjóðsskuldbindinga

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú lagabreyting áhrif á A-deild Brúar lífeyrissjóðs frá 1. júní 2017 sem kallaði á framlög launagreiðenda til A-deildar sjóðsins. Á sveitarstjórnarfundum í gær voru lögð fram drög að samkomulagi milli Brúar lífeyrissjóðs og Skútustaðahrepps um framlag Skútustaðahrepps til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna Jafnvægissjóðs, Lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs.

Jafnvægisjóður er til að mæta halla á áfallinni lífeyrisskuldbindingu A-deildar sjóðsins þann 31.maí 2017. Framlag launagreiðenda í jafnvægisjóði er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum þeirra frá stofnun sjóðsins til 31.maí 2017. Lífeyrisaukasjóðnum er ætlað að mæta breytingu á réttindaöflun sjóðsfélaga í A-deild til framtíðar. Framlag launagreiðenda í lífeyrisaukasjóði er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum frá 1. jan.- 31.maí 2017 en þau iðgjöld taka mest mið af framtíðarskipan sjóðsins. Varúðarsjóðnum er ætlað að standa til vara að baki lífeyrisaukasjóðnum. Ef tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs samkvæmt árlegu mati verður neikvæð um 10% eða meira í fimm ár eða hafi hún haldist neikvæð samfellt a.m.k. 5% í meira en tíu ár skal leggja höfuðstól varúðarsjóðsins að hluta eða í heild við eignir lífeyrisaukasjóðsins. Framlag launagreiðenda í varúðarsjóði er skipt hlutfallslega á launagreiðendur eftir iðgjaldaskilum frá 1. janúar 2017- 31.maí 2017. Útreiknað framlag Skútustaðahrepps í þessa 3 sjóði eru:

i) 563.085 kr. í jafnvægisjóð, ii) 13.957.005 kr. í lífeyrisaukasjóð, iii) 1.501.536 kr. í varúðarsjóð. Samtals framlag 16.021.626 kr. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti að greiða framlagt uppgjör frá lífeyrissjóðnum Brú með fyrirvara um að fyrirbyggjandi gögn og útreikningar sem á þeim byggja séu rétt. Jafnframt áskilur sveitarstjórn sér rétt til endurkröfu ef útreikningar og/eða aðrar forsendur standast ekki. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur að vinnubrögð við framlagningu gagna sem og afgreiðslu- og greiðslufrestir sem gefnir eru séu óásættanlegir, enda um að ræða veigamikið mál sem hefur mikil áhrif á fjárhag sveitarfélagsins.

HRÓS DAGSINS...

fá Arngrímur og Gígja í Álftagerði fyrir óborganlegt atriði á þorablótinu um síðustu helgi. Lengi lifir í gömlum glæðum!



Bók um Mývatn fékk Fjöruverðlaunin

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, voru afhent við hátíðlega athöfn í Höfða 15. janúar sl. Bókin *Undur Mývatns – um fugla, flugur, fiska og fólk*, eftir Unni Jökulsdóttur fékk Fjöruverðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Að mati dómnefndar skynjar lesandinn töfra og fegurð Mývatns í bókinni. Unnur ber djúpa virðingu fyrir náttúrunni og lýsir henni af ástríðu og hrifningu. Látlausar vatnslitamyndir eftir Árna Einarsson og Margaret Davies prýða bókina.

Nýjar hugmyndir í fráveitumálum

Nýjar hugmyndir um lausn á fráveitumálum í Mývatnssveit sem felst í söfnun svartvatns (frárennsli úr klósettum) í lokaðan tank og endurnýtingu næringarefna til uppgræðslu á Hólasandi, voru kynntar umhverfis- og auðlindaráðherra og Umhverfisstofnun í síðustu viku. Ef af verður, yrði þetta talsvert tryggari og hagkvæmari lausn en hreinsistöðvar og sjálfbærari á allan hátt, með nýtingu næringarefna til uppgræðslu í nágrenninu.

Áfram er unnið að þróun þessara lausna í samvinnu við hagsmunaaðila. Sveitarstjórn samþykkti að umbótaáætlun sveitafélagsins í fráveitumálum verði endurskoðuð í samvinnu við hagsmunaaðila, með það fyrir augum að útfæra umræddar hugmyndir og skila inn nýrri áætlun til heilbrigðiseftirlitsins 1. mars n.k.

Heilsueflandi dagur í íþróttamiðstöðinni

Laugardaginn 27.

janúar verður

heilsueflandi dagur í íþróttamiðstöðinni.

- Tilboð verður á árskortum í líkamsræktina (árskort á 29.900 kr.). Heilsunammi í boði.
- Boðið verður upp á tilsögn í líkamsræktinni fyrir þá sem vilja frá kl. 10:00-14:00.

Leiðbeinandi: Ragnhild Vedum, lærður einkaþjálfari.

- Kl. 15:00 – 15:45 Krakkafjör í íþróttahúsinu fyrir leikskólaaldurinn í umsjón foreldrafélagsins.

Athygli er vakin á því að nú er einnig **opið í hádeginu** í líkamsræktinni á mánudögum og miðvikudögum .

Framundan:

- Fyrsta laugardagsgangan verður 27. janúar kl.11:00 .

Gatan öllum verður greið

Göngur heilsu bæta

Skautar hleyp á feikna skeið

skuggalegir mæta!

Gönguleiðin auglýst daginn áður, fylgist með heimasíðu Skútustaðahrepps og á facebook.

ALLIR VELKOMNIR

- Haldinn verður kynningarfundur mánudaginn 29. janúar n.k. kl. 10.00 á hreppsskrifstofu



Skútustaðahrepps þar sem framtíðaráform um uppbyggingu og vinnu við deiliskipulag á verslunar- og þjónustusvæði 113-M í Reykjahlíð (við Kjörbúðina og nágrenni) verða kynnt. Fulltrúi frá fasteignafélaginu Urtusteini, sem rekur húsnæði Kjörbúðarinnar, verður á fundinum og ræðir framtíðaráform félagsins á reitnum. Áhugasamir aðilar sem vilja taka þátt í uppbyggingu á þessum reit eru hvattir til þess að mæta á fundinn.

- Við skorum á Mývetninga að taka þátt og skrá sig í Lífshlaupinu sem er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurshópa. Lífshlaupið hefst 31. janúar n.k. Opið er fyrir skráningu á www.lifshlaupid.is

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförunu og má þar nefna móttöku á fyrstu vélinni á Akureyri frá Wales, hitt umhverfisráðherra og umhverfisstofnun og landeigendur vegna fráveitumála, fund vegna stefnumótunar í ferðaþjónustu, setið fund skipulagsnefndar og Skjólbrekkustýrihóps, heimsótt Mannamót ferðaþjónustunnar, undirbúningsfund vegna nýrrar persónuverndar-löggjafar o.fl. Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 14. febrúar n.k.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri